



16. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

mánudagur 6. maí 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elfasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Herbert Arnarson (HA), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Jón Bender (JB).

Í fjarfundarbúnaði: Einar Hannesson (EH)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu: Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK)

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Hefur verið birt á kki.is

2. Málefni erlendra leikmanna - þriggja ára reglan

Almennar umræður um regluverk erlendra leikmanna og þriggja ára regluna svokölluðu. Miklar og góðar umræður.

Stjórn samþykkir að næsta leiktímabil verði síðasta tímabilið sem hin svokallaða þriggja ára regla gildir eða til og með 31. maí 2025.

3. Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót og mótanefnd

LB og HSJ fóru yfir ástæður og helstu breytingar.

Varðandi mótanefnd: Verið er að fara með 7. og 8. fl í sama kerfi og MB hefur verið undanfarin ár, þ. e. að ákveðið sé fyrir keppnistímabilið leikstaði þessara flokka. Einnig munu félögin sem sjá um mótin raða sjálf niður leikjaplani og innheimta þátttökugöld.

Varðandi körfuknattleiksmót þá eru þarna minniháttar breytingar sem óskað var eftir á unglingaráðsfundi í mars sl. sem og nokkrar orðalagsbreytingar.

Allt samþykkt.

4. Samningur við Stöð 2 Sport

GNE og HSJ fóru yfir minnisblað sem sent var fyrir fundinn og samning við Stöð 2 Sport varðandi áframhald á sýningum frá tveim efstu deildum karla og kvenna. Góðar umræður og stjórn samþykkir nýjan samning við Stöð 2 Sport. Haft verður

samband við félögin í efstu deild og farið yfir helstu atriði og svo sendur tölvupóstur með helstu upplýsingum í kjölfarið.

5. Gjaldskrá 2024/2025

Gjaldskrá fyrir næsta keppnistímabil lögð fram og samþykkt.

6. GameDay mótaforrit og heimasíða

Farið yfir stöðuna á nýja kerfinu sem hefur því miður tekið alltof langan tíma að fá í lag. Verið er að leggja lokahönd á þær lausnir sem eftir eru. Unnið hefur verið að því ötullega síðustu vikur og mánuði að laga það sem þarf að laga. Fulltrúar GameDay koma í lok maí til landsins til að fara yfir hin ýmsu mál þessu tengdu. Þegar kerfið er orðið í eins og það á að virka, það er; mótaniðurraðanir, dómaraniðurraðanir og félagaskipti/leikheimildir þá getum við farið í að leggja lokahönd á kki.is.

7. FIBA Europe þing á Íslandi 2026

Ákveðið að FIBA Europe þing fari fram hér á landi í maí 2026. Öll evrópska körfuboltafjölskyldan kemur þá saman hér á landi ásamt forystu FIBA. FIBA Europe verður um næstu helgi með þing í Slóveníu sem mun staðfesta að þingið 2026 verði hér á Íslandi.

8. Önnur mál / til upplýsinga

-Verðlaunaafhendingar í maí – farið yfir planið

-Fjármál, HSJ fór stuttlega yfir stöðuna sem er alls ekki nógu góð. Það vantar sárlega tekjur til að standa undir öllum þeim kostnaði sem fylgir því að reka sambandið. Þrátt fyrir að KKÍ sé að kosta um 30-35% af starfi yngri landsliða stefnir í að leikmenn/fjölskyldur yngri landsliða þurfi að greiða um 600-700 þúsund fyrir að fara á tvö mót það er á NM og EM.

-Samþykkt af hafa vinnufund stjórnar laugardaginn 25. maí.

-Veðmál og nafnaréttur efstu deildar karla og kvenna, farið stuttlega yfir stöðuna.

Næsti fundur mánudaginn 3. júní kl. 17:00.

Fundi slitið 19:35